

28.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn 10.apríl 2012 á skrifstofu sambandsins í Laugardal. Mætt voru: Guðjón, Birgir, Hulda, Gry, Kári og Sigurjón. Grétar Hrafnsson, landsliðsþjálfari var boðaður og mætti á fundinn.

Þetta gerðist:

1) Fundargerð síðasta fundar samþykkt

2) Landsliðsmál.

Landsliðsnefndin sagði frá starfinu undanfarið. Kraftlyftingadeild Breiðabliks hefur til afgreiðslu tillögu um að veita landsliðsmönnum aðgang að æfingaraðstöðu félagsins þeim að kostnaðarlausu.

**Samþykkt** að landsliðsnefnd skipa Guðjón Hafliðason, formaður, Grétar Hrafnsson og Birgir Viðarsson. Landsliðsþjálfarar verða Guðjón Hafliðason og Grétar Hrafnsson.

3) Afreksstefna.

Stjórnin þakkaði Gry og Huldu fyrir vinnuna við drög að afreksstefnu.

Drögin voru rædd.

**Samþykkt** að **Grétar** og **Guðjón** vinni áfram í 3.kafla um skilgreiningu á afrekum.

**Samþykkt** að **landsliðsnefndin** taki kafla 4a um .. til skoðunnar.

**Samþykkt** að **Kári** og **Sigurjón** vinni áfram með kafla 4b um

**Samþykkt** að **fræðslunefndin** vinni áfram með kafla 4c um

**Samþykkt** að **Guðjón** geri tillögu að breyttu orðalagi í kafla 5 og 6

4) Norðurlandasambandið

Gry sagði frá vinnu við handbók og framtíðarstefnu NPF. Stjórnin er jákvæð varðandi auknu samstarfi landanna og þeirri hugmynd að aðildarlöndin taki forustu í sambandinu til skiptis á tveggja ára fresti. Gry sagði frá óreiðu í fjármálum NPF.

**Stjórnin** beinir til stjórnar NPF að fylgja málinu eftir með kæru til lögreglu.

5) Erindi frá KFA

Beiðni um breytta tímasetningu á móti vísað til mótanefndar.

**Sigurjón** svarar bréfinu formlega.

6) Erindi frá Íþróttafélagi fatlaðra.

**Samþykkt** að **Sigurjón** og **Guðjón** eigi fund með fulltrúum þeirra um samstarf.

7) Landsmót UMFÍ 50+

**Samþykkt** að kraftlyftingakeppnin á landsmóti UMFÍ 50+ í júní fari á mótaskrá KRAFT, enda verður framkvæmd öll í samræmi við lög og reglur KRAFT.

8) Önnur mál

- Samþykkt að Hulda geri tillögur um bættu ferla í samskiptum við fjölmiðla

- Sigurjón upplýsti að fjöldi skráðra félagsmanna er nú kominn yfir 600

Fundi slitið kl. 22.15. Fundarritari Gry Ek